

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingu:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Króks í Grafningi.*
Gert er ráð fyrir 110 lóðum fyrir frístundahús. Hámarksstærð frístundahúsa er 250 m², hámarksveggghæð er 2,5 m og hámarkshæð mænis er 6 m. Hámarksstærð gestahúsa og geymslna er 25 m², hámarksveggghæð 2,5 og hámarkshæð mænis er 5 m. Samþykkt í sveitarstjórn 7. júní 2007.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs, dæluhús við Þórstíg, Grímsnesi.*
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 216 m² lóð fyrir dæluhús OR við Þórstíg. Hámarksstærð húss verður 25 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 19. júní 2007.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 6. september 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 20. september 2007